

<u>Dráttarvélar</u>	Mat X=ekki í lagi 0=á ekki við
1. <u>Öryggishús eða öryggisgrind:</u> Dráttarvélar skulu búnar öryggishúsi eða öryggisgrind af viðurkenndri gerð. Burðarhlutar skulu vera heilir og óskemmdir.	
2. <u>Hemlar:</u> Hemlar skulu vinna jafnt á bæði hjól á sama ási. Ástig sé ekki of þungt og hemlafótstig fari ekki of neðarlega. Hægt sé að læsa hemlafótstigum saman.	
3. <u>Stöðuhemill:</u> Vélin skal búin sérstökum stöðuhemli eða hægt sé að læsa hemlafótstigum í hemlunarstöðu. Stöðuhemill haldi nægilega vel og hann sé auðveldur í notkun.	
4. <u>Stýrisbúnaður:</u> Ekki sé slit í stýrisendum eða tengingum. Ekki óeðlilega mikið slag í vökvastjórnlokum né slit eða hlaup í spindlum. Vökvalagnir og tengingar séu ekki skaddaðar.	
5. <u>Hlíf um aflúttak:</u> Hlíf sé um aflúttaksás á dráttarvélinni og vel fest. Hólkhlíf skal vera á aflúttaksás þegar hann er ekki í notkun.	
6. <u>Tengibúnaður:</u> Tengibúnaður sé nægilega traustur og ekki sé slit í honum. Gengið sé frá tengingu þannig að ekki sé hætt á að tengitæki losni frá dráttarvélinni.	
7. <u>Vökvakerfið:</u> Vökvalagnir séu þéttar og varðar eftir þörfum. Hvergi sé olía sem valdið geti hættu með hálfu. Hægt sé að læsa vökvalyftunni í efstu stöðu.	
8. <u>Stjórnæki vökvakerfisins:</u> Stjórnæki vinni rétt og eðlilega, ekki sé í þeim slit sem valdið gæti hættu og ekki sé hætt á að þeim sé beitt af misgáningi.	
9. <u>Sæti stjórnanda:</u> Sætið sé óskemmt, (stillanlegt) og af þeirri gerð sem reglur kveða á um.	
10. <u>Hjólahlífar:</u> Hjólahlífar séu heilar og óskemmdar. Hægt er að krefjast hlífa á framhjól sé þeirra þörf.	
11. <u>Stigbretti:</u> Stigbretti heil og vel föst. Stigbretti séu ekki hál.	
12. <u>Handföng:</u> Handföng séu heil og vel föst.	
13. <u>Vinnuljós:</u> Fullnægjandi vinnuljós skulu vera á dráttarvélinni, sé þörf á lýsingu.	
14. <u>Ljósabúnaður:</u> Sé dráttarvélinni ekið í umferð, skal hún búin viðeigandi ljósabúnaði skv. umferðarlögum. Glitaugu skulu vera staðsett skv. reglum.	
15. <u>Flauta:</u> Athuga hvort hún sé í lagi.	
16. <u>Miðstöð:</u> Dráttarvéli með húsi skal búin miðstöð með hitablæstri á rúðu.	

17. Rúður: Rúður skulu vera heilar.	
18. Purrkur: Rúðupurrkur skulu vera í lagi og blöð heil.	
19. Speglar: Speglar skulu vera á dráttarvélinni.	
20. Hjól: Hjólbarðar og felgur skulu vera í fullnægjandi ástandi og loftþrýstingur í hjólbörðum hæfilegur.	
21. Farþegasæti: Farþegaflutningar eru aðeins heimilir sé sérstakt sæti með handföngum fyrir farþega.	
22. Útblásturskerfi: Útblásturskerfi skal vera heilt og hljóðkútur í lagi.	
23. Almenn umhirða: Dráttarvélin sé ekki í þeirri vanhirðu að valdið gæti hættu.	
24. Merkingar vélar: Skráningarnúmer og merkingar framleiðanda, framleiðslunúmer skulu vera til staðar.	
25. Viðvörðun: Í öryggishúsum og á öryggisgrindum skal vera skilti á áberandi stað með varanlegri áletrun þar sem á er letrað: AÐVÖRUN HALDIÐ FAST Í STÝRIÐ EF VÉLIN VELTUR, STÖKKVIÐ EKKI ÚT	

Mykjusniglar

1. Hlífar um drifskaft og aflinntak skulu vera heilar og í góðu ástandi.	
2. Drifsköft bein og hjöruliðir í lagi.	
3. Brotbolti skal vera á drifskaftri.	

Haugdælur

1. Hlífar um drifskaft og aflinntak skulu vera heilar og í góðu ástandi.	
2. Drifsköft skulu vera bein og hjöruliðir í lagi.	
3. Brotbolti skal vera á drifskaftri.	

Haugslugur

4. Hlífar um drifskaft og aflinntak skulu vera heilar og í góðu ástandi.	
5. Drifsköft skulu vera bein og hjöruliðir í lagi.	
6. Brotbolti skal vera á drifskaftri.	

Mykjudreifarar

1. Hlífar um drifskaft og aflinntaksbúnað skulu vera í lagi.	
2. Tengibúnaður traustur.	
3. Hjólbarðar og felgur séu í lagi.	
4. Ath. hættu vegna eitraðra gastegunda við meðferð húsdýraáburðar.	
5. Glitaugu skulu vera á dreifaranum ef hann fer í umferð.	

Sláttuvélar

1. Drifskaft skal vera beint, hjöruliður í lagi og hlífar á aflinntaki.	
2. Tengibúnaður sé traustur og í lagi.	
3. Hlífar um sláttutromlur.	

Heybyrlur

1. Hlífar um drifskaft og aflinntak skulu vera í góðu ástandi.	
2. Grind skal vera framan við stjórnur.	
3. Tengibúnaður sé í lagi.	

Stjörnumúgavélar

1. Hlífar um drifskaft og aflinntak skulu vera heilar og í góðu ástandi, drifsköft bein og hjöruliðir í lagi.	
2. Tengibúnaður skal vera traustur, stuðningsfótur í lagi.	
3. Hlífar um drifbúnað.	
4. Öryggisbogar skulu vera á vélinni.	
5. Varúðarmerki læsileg.	

Baggabindivélar

1. Drifskaft skal vera beint, hjöruliður í lagi og hlífar á aflinntaki.	
2. Tengibúnaður sé traustur og í lagi.	
3. Hlífar um reimhjól og tannhjól.	
4. Hjólbarðar skulu vera í lagi og felgur.	
5. Glitaugu skulu vera á vélinni, sé hún notuð í umferð.	

Rúllubindivélar

1. Drifskaft og hlífibúnaður skal vera í lagi.	
2. Hlíf um aflinntak skal vera í lagi.	
3. Hjólbarðar skulu vera í lagi.	
4. Glitaugu skulu vera á vélinni, sé hún notuð í umferð.	
5. Stuðningshjól skal vera í góðu lagi og auðvelt að breyta um stöðu þess.	
6. Tengibúnaður sé traustur og í lagi.	

Heyvagnar og baggavagnar

1. Tengibúnaður við dráttarvél sé traustur og í lagi.	
2. Stuðningshjól skal vera í góðu lagi.	
3. Glitaugu skulu vera á vagninum sé hann notaður í umferð.	

Votheysvagnar

1. Stjórnþæki vagnsins skulu vera í lagi og stjórn hans frá dráttarvél örugg og valdi ekki hættu.	
2. Tengibúnaður sé traustur og í lagi.	
3. Hlífar séu um drifskaft og aflinntak.	
4. Hlífar séu um reimhjól og annan afluþæslubúnað.	
5. Hlífar um færiband skulu vera í góðu lagi.	
6. Glitaugu skulu vera á vagninum sé hann notaður í umferð.	

Sturtuvagnar

1. Tengibúnaður sé traustur og í lagi.	
2. Hjólbarðar og felgur séu í lagi.	
3. Glitaugu skulu vera á vagninum, sé hann notaður í umferð.	
4. Hlífar um drifskaft og aflinntak séu í góðu lagi.	
Kartöfluupptökuvélar.	
1. Hlífar um drifskaft og aflinntak skulu vera í góðu lagi.	
2. Hlífar um drifbúnað skulu vera heilar.	

Jarðtætarar

1. Hlífar um drifskaft og aflinntak skulu vera í lagi.	
2. Hlífabúnaður um hnífa.	
3. Tengibúnaður sé traustur.	
Stauraborar	
1. Hlífar um drifskaft og aflinntak skulu vera í lagi.	
2. Hlífabúnaður umhverfis borinn.	
3. Tengibúnaður sé traustur.	

Stórviðarsagir og fleygunarbúnaður

1. Stjórnþæki rekaviðarsagarinnar skulu vera í lagi og stjórn hennar frá aflgjafa örugg og valdi ekki hættu.	
2. Tengibúnaður sé traustur og í lagi.	
3. Blaðhlíf og kleyfir.	
4. Hlífar séu um drifsköft og aflinntök.	
5. Hlífar séu um reimhjól og annan aflfærslubúnað.	
6. Viðeigandi persónuhlífar séu til staðar.	

Varaafstöðvar

1. Hlífar um drifskaft og aflinntak skulu vera heilar og í góðu ástandi, drifsköft bein og hjöruliðir í lagi.	
2. Tengibúnaður skal vera traustur, stuðningsfætur í lagi.	
3. Hlífar um drifbúnað.	
4. Almennur frágangur rafbúnaðar í lagi.	
5. Varúðarmerki læsileg.	

Heimavatsafls-rafstöðvar

1. Hlífar um kasthjól (svinghjól) og reimdrif skulu vera heilar og í góðu ástandi.	
2. Loftræsting skal vera í lagi.	
3. Frágangur rafbúnaðar skal vera skv. reglum.	
4. Frágangur stöðvarhúss skal vera þannig að óviðkomandi komist ekki inn.	

Notkunarleiðbeiningar.

Með öllum vélum skulu fylgja leiðbeiningar á íslensku, m.a. um:

- Þjálfun ef þörf krefur.
- Helstu einkenni tækja sem setja má á vélina, þar sem það á við.

Í leiðbeiningunum eiga einnig að vera öryggisleiðbeiningar um eftirfarandi atriði:

- Gangsetningu
- Notkun
- Meðferð, með því að gefa upp stærð eða þyngd vélar og hluta hennar ef flytja þarf reglulega hvern hlut fyrir sig sérstaklega.
- Stillingu
- Viðhald (þjónusta og viðgerðir).